

Svalbarðsstrandarhreppur  
Jakobína Ósk Sveinsdóttir  
Ráðhúsinu  
601 Akureyri

Reykjavík, 6. mars 2024  
UST202403-003/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing - Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2025 - 2037 - heildarendurskoðun**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Svalbarðsstrandarhrepps er barst 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps.

Í greinargerð kemur fram að viðfangsefni endurskoðun aðalskipulagsins og áherslur sveitastjórnar eru að rýnda forsendur íbúalpróunar sem kallað geta á breytingar frá gildandi aðalskipulagi, flokkun landbúnaðarlands, samgöngumál, skilgreining á nýjum landnotkunarflokkum eins og skógræktar- og landgræðslusvæði og afþreyingar- og ferðamannasvæði og iðnaður og orkuvinnsla.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru votlendi, tjarnir og fossar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að sveitarfélagið setji sér stefnu og markmið um verndun svæða í samræmi við ákvæði laganna.

Ef sveitarfélagið skilgreinir landnotkunarreit í skipulagsáætluninni þar sem eru vistkerfi og/eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta rask á vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar.

Fjallað er um svæði sem njóta sérstakrar verndar í 6.3. gr. og 7.4.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 þar sem fjallað er um takmarkanir á landnotkun. Í 6.3. gr. segir: e. Önnur náttúruvernd (ÖN). Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að fjallað sé um þau vistkerfi og jarðminjar sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd í greinargerð og á myndum, að þau séu kortlögð og fjallað sé um umfang þeirra.

### **Líffræðilegur fjölbreytileiki**

Umhverfisstofnun telur það nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni.

Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.<sup>1</sup>

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða (m.a. útpensla byggðar), mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.<sup>2</sup>

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram í forsendum nákvæma núverandi stöðu og svo stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda, svo eitthvað sé nefnt, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

### **Endurheimt**

Umhverfisstofnun telur að sveitarfélögin gegni mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála. Í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er ein aðgerðin að vernda og endurheimta votlendi og þessu tengt telur Umhverfisstofnun að skipulagsáætlanir séu öflugt verkfæri til náttúruverndar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að kortleggja þau tækifæri innan til að endurheimta náttúruverðmæti sem stuðli að náttúruvernd og líffræðilegum fjölbreytileika. Þetta á ekki einungis við um endurheimt á votlendi og náttúrulegum birkiskógum (ef við á) heldur einnig endurheimt á röskuðum svæðum og frágangi á námum svo eitthvað sé nefnt.

### **Starfsleyfi**

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist

<sup>1</sup> <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolbreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolbreytni-til-framtidar>

skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

### **Mengaður jarðvegur**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur, eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum þar sem grunur er um mengun. Mikilvægt er að kortleggja þessi svæði eins nákvæmlega og hægt er og að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin fékk ábendingu um aflagðan urðunarstað innan sveitarfélagsins.<sup>3</sup>

### **Mat á umhverfisáhrifum á verndarsvæðum**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þeim verkefnum/framkvæmdum sem falla undir 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi **undir viðmiðunarmörkum** í flokki B ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Umhverfisstofnun vill benda sveitarfélaginu á að skoða iii. lið 2. tölul. 2. viðauka. laganna.

### **Loftslagsstefna**

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í c. lið. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

### **Vatnamál**

Umhverfisstofnun bendir á að aðalskipulagsáætlunin þarf að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í lögum um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.<sup>4</sup>

Umhverfisstofnun vill benda á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011, þungamiðjan í þeim lögum er sú krafa að öll vatnshlot skuli vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rými ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Því þarf að fjalla um hvaða vatnshlot eru innan sveitarfélagsins og setja inn vatnshlotanúmer þeirra. Auk þess þarf að fjalla um umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið og hvert er núverandi ástand þess. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar inn á vatnavefsjá.<sup>4</sup>

<sup>3</sup> <https://kortasja.ust.is/mapview/?app=MENGJ>

<sup>4</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)

Meta þarf áhrif skipulagsins á þau vatnshlot sem tengjast henni. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfsemi eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu í tillögunni, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.<sup>5</sup>

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er. Frestur til að koma á hreinsun á fráveituvatni skv. reglugerðinni rann út árið 2005 og því mikilvægt að slá ekki mikilvægum umhverfisumbótum enn frekar á frest.

### Tengsl við aðrar áætlanir - Umhverfisþættir og matsspurningar

Umhverfisstofnun lítur svo á að hér sé einungis verið að gera lauslega grein fyrir helstu stefnum, áætlunum, umhverfisþáttum og matsspurningum, sem er ekki tæmandi, og verða svo uppfærðar þegar vinna hefst. Til dæmis þarf að fjalla um stefnu í úrgangsmálum „Í átt að hringrásarhagkerfi“ og Vatnaáætlun.

Umhverfisstofnun vill hins vegar benda á að íslenska ríkið hefur tekið á sig ýmsar skuldbindingar á alþjóðlegum vettvangi sem horfa þarf til.<sup>6</sup>

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**

<sup>5</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla\\_fraveitumala\\_2020](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla_fraveitumala_2020)

<sup>6</sup> <https://ust.is/nattura/althjodlegar-skuldbindingar/>